

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 18. mars 2002, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk framkvæmdastjóra sem ritaði fundargerð. Sigurlaug Sigurðardóttir og Gestur Pétursson boðuðu forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 49. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt.

2. Fundargerð 41. starfsmannafundar frá 12. mars 2002.

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Álalind 3, Kópavogi - veitingasalur.

Lögð fram umsókn Theodórs Sveinjónssonar f.h. Tedda veitingar kt: 030171-4979 dags. 15. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingasalar að Álalind 3, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.2 Borgarholtsbraut 59, Kópavogi - daggæsla.

Lögð fram að nýju umsókn Lilju M. Óladóttur kt: 110672-3739, dags. 13. nóvember 2001, sem sækir um leyfi til reksturs daggæslu að Borgarholtsbraut 59, Kópavogi. Eigendaskipti. Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til umsækjanda frá 27. febrúar s.l. og svarbréf hans dags. 11. mars 2002. Starfsleyfi samþykkt til 1. júlí n.k.

2.1.3 Bæjarlind 12, Kópavogi - heilsugæsla..

Lögð fram umsókn Sverris Jónssonar f.h. Læknalindar ehf. kt: 470102-5190, dags. 27. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknaíðstöðvar að Bæjarlind 12, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með skilyrðum um úrbætur á snyrtiaðstöðu og frágangi á sorpgeymslu.

2.1.4 Dalshraun 13, Hafnarfirði - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Dagbjartar L. Ragnarsdóttur f.h. Cleópötru kt:141167-3759, dags. 4. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Dalshrauni 13, Hafnarfirði Eigendaskipti. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með fyrirvara um bættan frágang á ræstingaaðstöðu.

2.1.5 Dalvegur 1, Kópavogi - gámastöð.

Lögð fram umsókn Ögmundar Einarssonar f.h. Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins ehf. kt: 510588-1189-001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs úrgangsmóttöku frá almenningi og smærri atvinnurekstri að Dalvegi 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.6 Fannborg 6, Kópavogi - endurhæfingastöð.

Lögð fram umsókn Helgu H Gísladóttur f.h. Hæfingarstöðvarinnar Fannborg kt: 531190-1309, dags. 20. febrúar 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs endurhæfingarstöðvar að Fannborg 6, Kópavogi. Endurnýjun.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til umsækjanda frá 22. febrúar s. l. Afgreiðslu frestað, þar sem svar við athugasemdum hefur ekki borist.

2.1.7 Garðatorg 3, Garðabæ - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Gústafs Sófussonar f.h. Kaffihallarinnar (Litlaland ehf.) kt: 410693-2599, dags. 12. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Garðatorgi 3, Garðabæ. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.8 Gullsmári 13, Kópavogi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Magnúsdóttur f.h. Hárgreiðslustofunnar Marísu kt: 180145-2499, dags. 11. mars 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Gullsmára 13, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.9 Holtasmári 1, Kópavogi - læknastofur.

Lögð fram umsókn Hjartaverndar kt: 620169-1379, dags. 13. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofa og rannsóknastofa að Holtasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.10 Hringhella 3, Hafnarfirði - móttaka spilliefna.

Lögð fram umsókn Ögmundar Einarssonar f.h. Efnamóttökunnar h.f. kt: 691298-2729, dags. 27. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til móttöku spilliefna að Hringhelli 3, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.11 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Óttars Överby f.h. Ís-Vest ehf. kt: 681097-2879, dags. 14. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.12 Íshella 2, Hafnarfirði - vinnsla jarðefna.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Reynissonar f.h. Fínpússningar s.f. kt: 571274-0199, dags. 22. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til vinnslu úr skeljasandi að Íshellu 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.13 Ljósutröð 2, Hafnarfirði - veitingasalur.

Lögð fram umsókn Tómasar Guðnasonar f.h. Hamar, frímúrarastúku kt: 590169-2699, dags. 12. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Ljósatröð 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.14 Miðhraun 1, Garðabæ - gámastöð.

Lögð fram umsókn Ögmundar Einarssonar f.h. Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins b.s. kt: 510588-1189-002, dags. 27. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gámastöðvar að Miðhrauni 1, Garðabæ. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.15 Nýbýlavegur 28, Kópavogi - heildsala með snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Margrétar R. Jónasdóttur f.h. Einheid.is ehf., heildverslun kt: 660600-2640, dags. 21. febrúar 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu að Nýbýlavegi 28, Kópavogi. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.16 Suðurgata 49, Hafnarfirði - námskeiðahald.

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Skarphéðinsdóttur f.h. Leir og Myndlist kt: 070459-3889, dags. 13. mars 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leir- og myndlistarskóla að Suðurgötu 49, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára fyrir allt að 6 börn.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Alalind 3, Kópavogi - Glæðheimar.

Lagt fram bréf Bæjarlögmanns Kópavogsbæjar dags. 25. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Theodórs Sveinjónssonar kt: 030171-4979, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir veitingasalinn Glæðheima, Álalind 3, Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

2.2.2 Dalshraun 13, Hafnarfirði - Hafnarsport ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Vigfússonar kt: 170858-4339, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Hafnarsport kt: 440202-3060, að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.
Afgreiðslu frestað þar sem upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi vantar.

2.2.3 Garðatorg 3, Garðabæ - Kaffihöllin.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 4. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gústafs Sófússonar kt: 220640-2219, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Kaffihöllin kt: 410693-2599, að Garðatorgi 3, Garðabæ.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.4 Hattarvellir 1, Garðabæ - Andvari.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sveins Skúlasonar kt: 100654-3429, sem sækir um veitingaleyfi fyrir félagsheimili Hestamannafélagsins Andvara kt: 441083-0419, Hattarvöllum 1, Garðabæ.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.5 Ljósutröð 2, Hafnarfirði - Hamar frímúrarastúka.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 22. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um veitingaleyfi fyrir Tómas Guðnason kt: 250442-2979, sem sækir um veitingaleyfi fyrir félagsheimili Hamars frímúrarastúku kt: 590169-2699, að Ljósutröð 2, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn samþykkt..

2.3 Annað.

2.3.1 Eftirlitsverkefni Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga – örveruástand rjómbolla 2002.

Lögð fram skýrsla frá 7. mars 2002.

2.3.2 Eftirlitsverkefni Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga - örveruástand súrmatar 2002.

Lögð fram skýrsla frá febrúar 2002

3. Ársreikningur 2001

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur 2001 fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

4. Starfsmannahald

4.1 Eftirlit með dýrahaldi.

Rætt að nýju um stefnumörkun í eftirliti með dýrahaldi.
Samþykkt starfslýsing fyrir eftirlitsmann.

4.2 Eftirlitsstarf við mengunarvarnir.

Rætt um stefnumörkun í mengunarvarnaeftirliti með bíl- og málmíðnaði.
Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir starfsmanni til eftirlitsstarfa.

4.3 Starfsfólk við afleysingu í orlofi og verkefnaráðning.

Framkvæmdastjóra falið að ráða starfsfólk til sérverkefna og afleysingastarfa í sumar.

5. Fundargerð.

Lögð fram fundargerð frá félagsfundi í Samtöku heilbrigðiseftirlitssvæða frá 13. mars 2002.

6. Önnur mál.

Rætt um kvartanir frá almenningi vegna villikatta og úrbótum vegna þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40.

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson